

Aðalfundur Vélhjólaiþróttaklúbbsins 26. nóvember 2014

Skýrsla stjórnar

Ný stjórn og nefndir voru kosnar á síðasta aðalfundi, sem haldinn var 30. október 2013. Stjórn VÍK fyrir árið 2014, skipuðu Hrafnkell Sigtryggsson, Birgir Már Georgsson, , Guðbjartur Stefánsson, Ólafur Þór Gíslason Páll G. Jónsson. Varamenn voru þeir Pálmar Pétursson, Pétur Smáráson og Haraldur Björnsson. Páll flutti til Egilsstaða í var starfaði því lítið með stjórn eftir það.

Lítið starf var í byrjun vetrar og rólegt fyrstu mánuðina. Skiptust stjórnarmenn á að fara upp í Bolaöldu um helgar og líta eftir svæðinu. Í byrjun febrúar stóð félagið fyrir bikarkeppni á ís á Rauðavatni til styrktar Ævari Sveinssyni sem slasaðist illa í vinnuslysi. Mikill fjöldi mætti á keppnina og safnaðist talsvert fé enda frábærar aðstæður til keppni.

Skráning í Klausturskeppnina hófst í lok mars en keppnin var svo haldin 24. maí í landi Ásgarðs. Aðsóknin varð um 270 manns og tókst keppnin mjög vel. Gott veður og frábærar aðstæður og gott samstarf gerði daginn virkilega vel heppnaðann. Sigurvegarar í tvímenningi urðu þeir Haraldur Örn Haraldsson og Guðbjartur Magnússon. Járnkallinn í ár vann Kári Jónsson en hann varð jafnframt í 5. sæti í heildina sem er einstakur árangur.

Félagið afhenti Leikskólanum á Klaustri 150.000 kr. styrk til kaupa á leiktækjum. Við þökkum Kjartani, Eyþóri, Þóru, Herði, Guðmundi Vigni og öllum öðrum á Klaustri kærlega fyrir frábært samstarf. Keppnin 2015 mun fara fram laugardaginn 30. maí.

Fjöldi félagsmanna stóð nokkurn veginn í stað á árinu. Núna eru skráðir félagsmenn VÍK tæplega 1200 en þar af eru margir óvirkir. Um 100 manns greiddu félagsgjaldið 2014 sem er talsverð fækkun frá 2013. Árskort að svæði félagsins kostaði 12.000 kr. (brautarkort og félagsgjald). Uppb. 70 kort seldust í ár á móti 120 á síðasta ári. Sala árskorta dalaði því verulega án þess að sala aðgöngumiða hækkaði á móti og greinilegt að aðsókn stendur engan veginn undir rekstrarkostnaði á svæðinu. Þetta er áhyggjuefni og spurning hvort einhverju þurfi að breyta.

Í sumar var ráðinn pólskur starfsmaður yfir sumarmánuðina. Samstarfið gekk upp og ofan vegna tungumálaörðugleika. Hann hætti störfum í ágúst og eftir það unnu stjórnarmenn á svæðinu.

Álfsnesi var ekkert haldið við á árinu.

Bolaöldubrautir opnuðu seint í ár en barnabrautin var notuð fyrir æfingu 14. apríl í ár en stóra brautin og enduroslóðar á neðra svæðinu voru lokaðir allt fram til 9. maí.

Á Bolaöldusvæðinu var minna unnið en oft áður. Robert Knasiak tók gott átak í vökvunarkerfinu. Auka lagnir voru settar að startsvæðinu og byrjendasvæðinu og nú er aðeins eftir að tengja betri úðara á þessum stöðum.

Litlar breytingar á brautinni í Bolaöldu en unnið áfram með þær breytingar sem gerðar voru seinni part sumars í fyrra. Um mitt sumar var prófað að fá traktor með mólunartæki til að fara í nokkra staði í brautinni og tókst það mjög vel og verður örugglega endurtekið. Nýtt svæði fyrir endurocrossæfingar var tekið í notkun og þar er búið að koma fyrir talsverðu af dekkjum og staurum. Enn vantar þó aðeins upp á að það svæði sé endanlega tilbúið.

Í ár voru haldnar æfingar fyrir börn og unglinga á vegum félagsins í sumar. Fjölmargir foreldrar nýttu sér foreldrakortið en eitt foreldri fær gefins árskort að svæðinu með greiddu æfingagjaldi. Mjög góð þátttaka var í æfingum sumarsins. Gunnlaugur Karlsson og Helgi Már Hrafnkelsson sáu um æfingarnar með aðstoð Pálmars Péturssonar og Pétur Smárásonar. Um það bil 30-40 krakkar á aldrinum 5 til 15 ára sóttu æfingarnar. Nokkrar krakkakeppnir voru haldnar og var góð aðsókn og mikil stemning á öllum keppnum enda grillaðar pulsar eða hamborgarar í boði Snæland eftir hverja keppni. Mjög gaman hefur verið að fylgjast með þessu starfi sem byggir vonandi upp sterkan iðkendahóp í motocrossi á næstu árum. Barna og unglingaæfingar voru haldnar í Reiðhöllinni í Víðidal. Hafa þær verið mjög vel sóttar en á milli 20 og 30 krakkar hafa mætt á æfingar það sem af er hausti og mikil stemning verið.

VÍK fékk Kára Jónsson til að vera með enduronámskeið fyrir félagsmenn í ágúst. Námskeiðið var tvö kvöld og opið öllum. Árskorthafar gátu sótt námskeiðið frítt og samtals mættu 15 manns á námskeiðið sem var mjög vel heppnað og greinilegt að Kári á framtíðina fyrir sér á þessu sviði.

Keppnissumarið 2014 gekk prýðilega en slys á keppendum settu þó talsverð strik í reikninginn. Allt of margir keppendur máttu sætta sig við að sitja hjá vegna meiðsla í sumar. Fyrsta endurokeppni sumarsins fór fram á Hellu í fyrsta skipti mörg ár eftir nýju fyrirkomulagi. Var gríðarlega ánægja bæði með staðinn og fyrirkomulagið.

Í lok október hélt félagið styrktarkeppni í enduro fyrir Brynju Híf Hjaltadóttir sem slasaðist við æfingar í Noregi í haust. Keppnin fór fram innanbæjar í Kópavogi og heppnaðist mjög vel en samtals söfnuðust tæplega 700 þúsund kr. á vegum félagsins auk þess sem MSÍ bætti 100 þús. kr. við söfnunina.

Síðasta umferð Íslandsmótsins í motocrossi var haldin í Bolaöldu 6. september í ágætum aðstæðum. Til stóð að halda keppnina helgina áður en henni var frestað til að koma inn keppni á Akranesi sem hafði verið frestað í júlí. Brautin var í prýðilegu standi á keppnisdag og keppnin heppnaðist mjög vel. Eyþór Reynisson landaði Íslandsmeistaratitli í MX-Open en hann sigraði vann fjórar keppnir af fimm í motocrossinu í sumar.

Af félagsmönnum erlendri grund var margt að gerast. Ingvi Björn Birgisson komst á mála hjá Creymert keppnisliðinu í Belgíu og tók þátt í fjölda keppna með góðum árangri. Eyþór Reynisson ferðaðist sömuleiðis víða um Evrópu í sumar og náði ágætum árangri. Í haust gerði Ragnar Ingi Stefánsson svo góða ferð til Ameríku og tók þátt World Vet Motocross Championships og gerði sér lítið fyrir og sigraði í flokki 45+ og 50+ flokkunum á fyrri keppnisdeginum. Kári Jónsson brá sér líka vestur í haust og tók þátt í GNCC mótaröðinni. Kári varð í 16. sæti í Pro flokki sem er gríðarlega góður árangur enda flokkurinn nær eingöngu skipaður atvinnumönnum.

Fjármál félagsins gengu þokkalega í ár, velta félagsins minnkar lítillega á milli ára en kostnaður er lægri en tekjur og félagið því rekið með lítilsháttar hagnaði í ár. Við erum þó enn að Á gjaldahliðinni munar mestu að kostnaður vegna viðhalds brauta var minni en undanfarin ár. Það er þó ekki viðunandi ástand enda helst aðsókn algjörlega í hendur við gott viðhald á brautum og slóðum. Talsvert minni tekjur voru af félags- og brautargjöldum en ráð var gert fyrir sem kannski má rekja til minna viðhalds. Farið hefur verið fram á aukna styrki frá ÍBR/ÍTR til að standa straum af rekstri félagsins og kemur í ljós á næstu vikum hvort sú umsókn fái jákvæðar viðtökur.

Að síðustu vil ég þakka stjórn VÍK fyrir vel unnin störf. Sömuleiðis þakka ég öllum sem lögðu félaginu lið á árinu fyrir þeirra störf.

Takk fyrir.

Fh. stjórnar Vélhjólaiþróttaklúbbsins

Hrafnkell Sigtryggsson